

## Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

Ár 2023, fimmtudaginn 28. september var haldinn 22. fundur mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi, Tjarnarbúð og hófst kl. 13.04. Fundinn sátu eftirfarandi fulltrúar: Magnús Davíð Norðdahl, Þorvaldur Daníelsson, Sabine Leskopf, Friðjón R. Friðjónsson, Trausti Breiðfjörð Magnússon og Helga Þórðardóttir. Auk þeirra eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Margrét Kristín Pálsdóttir, Jenný I. Ingudóttir og Drífa Snædal. Eftirtalinn fulltrúi tók sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 2. málsli. 4. mgr. 44. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar sbr. 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011: Árelía Eydís Guðmundsdóttir. Einnig sátu eftirfarandi embættismenn og starfsfólk fundinn: Anna Kristinsdóttir og Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir. Elísabet Pétursdóttir ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Lögð fram tilnefning Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, dags. 21. september 2023, um að Margrét Kristín Pálsdóttir taki sæti í stað Huldu Elsu Björgvinsdóttur sem varamaður í mannréttinda- og ofbeldisvarnarráði. MSS22060044
2. Fram fer kynning á störfum Samfélagslögreglu. MSS23090132  
  
Unnar Þór Bjarnason, Sigmundur Grétar Hermannsson og Þórhildur Vala Kjartansdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.
- Kl.14.00 vikur Friðjón R. Friðjónsson af fundinum og Helga Margrét Marzellíusardóttir tekur sæti.
3. Fram fer kynning á verkefninu Saman gegn ofbeldi. MSS22110176
4. Samþykkt að taka á dagskrá umræðu um aukna andúð og hatursorðræðu í garð hinsegin fólks. MSS23090187

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð lýsir yfir miklum áhyggjum af aukinni andúð og hatursorðræðu í garð hinsegin fólks. Eins og nýleg atvik benda til er stutt á milli öfgafullrar umræðu og beinna ofbeldisverka. Fordómar og ofbeldi eiga ekki heima í okkar samfélagi og nauðsynlegt að samfélagið í heild bregðist hart við hvers konar öfgahyggju og ofbeldi sem af henni leiðir. Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð lýsir yfir fullum stuðningi við hinsegin samfélagið. Ljóst er að baráttan fyrir réttindum hinsegin fólks er aldrei búin og að við þurfum öll að leggja lóð á vogarskálarnar.

5. Umræðu um úttekt á stöðu ofbeldisvarnarmála innan Reykjavíkurborgar og næstu skref, er frestað. MSS22060211

### Fundi slitið kl.15.52

Magnús Davíð Norðdahl

Helga Margrét Marzellíusardóttir  
Trausti Breiðfjörð Magnússon  
Árelía Eydís Guðmundsdóttir

Sabine Leskopf  
Helga Þórðardóttir  
Þorvaldur Daníelsson